



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í hátíðarkvöldverði  
til heiðurs  
forseta Litháen Valdas Adamkus  
og frú Alma Adamkiene  
3. september 2000**

Heiðraði forseti Litháen  
Valdas Adamkus og frú Alma Adamkiene  
Virðulegir gestir

Hér á Bessastöðum er margt sem minnir okkur á forna sögu og nýja. Minjar frá dögum landnáms og þjóðveldis, veggir og gólf gamla konungsgarðsins sem var miðstöð hins erlenda valds sem ríkti á Íslandi um aldir, Bessastaðastofan sjálf, heimkynni skólans sem varð vagma íslenskrar sjálfstæðisbaráttu, munir frá lýðveldistíma og góðum gestakomum. Gjafirnar sem Ronald Reagan forseti Bandaríkjanna og Mikhail Gorbatsjov leiðtogi Sovétríkjanna færðu hingað í tilefni fundarins mikla í Reykjavík, viðræðnanna sem lögðu grundvöll að nýrri heimsmynd, lýðræði og frelsi í stað helfjötra kalda stríðsins.

Kannski var það táknrænt að gjöf Ronalds Reagans var stytta af uglu, fugli vísdoms og íhugunar og gjöf Mikhail Gorbatsjov var klukka, mælitæki tímans, hvort tveggja áminning um að nota á viturlegan hátt daga og ár sem okkur eru gefin.

Hér í kvöld fögnum við svo nýjum þætti í hinni löngu sögu Bessastaða, því í fyrsta sinn kemur forseti Litháen í heimsókn til Íslands, fulltrúi þess árangurs sem barátta fyrir frelsi og sjálfstæði skilaði á þeim tíma þegar margir trúðu að heimurinn yrði áfram í föstum skorðum.

Á örlagadögum reyndum við Íslendingar á okkar litla hátt að rétta hjálparhönd yfir hafið. Gleði okkar var mikil að geta orðið fyrstir til að stofna til formlegs stjórnmalasambands við Litháen í árdaga hins nýja lýðræðisskeiðs. Sú athöfn verður okkur öllum ógleymanleg þegar Höfði,

húsið þar sem Reagan og Gorbatsjov ræddust við, varð að nýju vettvangur heimssögulegra þáttaskila. Það verður fagnaðarstund, virðulegi forseti, þegar þér síðar í heimsókn yðar gangið inn í Höfða, fyrstur þjóðhöfðingja hins sjálfstæða og fullvalda Litháen.

Það vakti í senn athygli mína og ánægju að skynja í heimsókn minni til lands yðar fyrir röskum tveimur árum hvernig þróttmikil framsýni og einbeittur framfaravilji einkenna uppbyggingu á öllum sviðum.

Litháen er á margan hátt vegamót þar sem hin norðlæga menning Evrópu mætir hinum suðlæga arfi, vettvangur þar sem gagnkvæm virðing fyrir ólíkum hefðum trúar og samfélags verður að vera daglegt brauð eigi farsæld og friðsemd að vera hlutskipti fólksins. Litháen er tákn þess skapandi sambýlis ólíkra erfða sem Evrópa öll þarf svo sannarlega að festa í sessi á nýrri öld.

Það þarf ekki langa dvöl í landi yðar til að skynja, nánast í sjónhendingu, hve eðlileg og sjálfsögð er sú löngun þjóðarinnar að verða fullgildur þátttakandi í mótun efnahagsskipunar og öryggiskerfis sem álfan mun búa við í framtíðinni.

Ég minnst viturlegra orða yðar í samræðum okkar á sínum tíma, hvernig árin og atburðapróunin yrðu Litháen óhjákvæmilega í hag og hve hættulegt gæti reynst að láta óþolinmæði, þótt skiljanleg væri, ráða för. Sýn yðar og ráðgjöf hefur vissulega reynst farsælt veganesti og staða Litháen hefur svo sannarlega styrkst í þessum efnunum.

Líkt og áður hefur Ísland hvað eftir annað á vettvangi Atlantshafsbandalagsins áréttað nauðsyn þess að réttur hinna smærri ríkja við Eystrasalt til fullrar aðildar yrði virtur í raun og viðurkenndur.

Við sjáum einnig í væntanlegri aðild Litháen að Evrópusambandinu fjölþætt tækifæri til að auka viðskipti okkar og efnahagslega samvinnu innan vébanda hins Evrópska efnahagssvæðis. Reynslan af starfi Hnits, íslensks hátæknifyrirtækis í Litháen, hefur sýnt á skömmum tíma hvað við getum áorkað saman á sviðum sem setja munu sterkan svip á hagþróun 21. aldarinnar.

Á þeim áratug sem senn er liðinn frá sjálfstæðistöku ríkjanna við Eystrasalt hefur samvinna Norðurlanda og Litháen, Lettlands og Eistlands sýnt í verki hverju ríkin átta í norðanverðri Evrópu geta áorkað í sameiningu. Evrópa þarf svo sannarlega á því að halda að röddin úr norðri hljómi sterk og skýr og við vísunum hiklaust til þess árangurs sem náðst

hefur með samstarfi okkar á sama tíma og aðrir hlutar álfunnar hafa því miður átt í vaxandi erfiðleikum.

Með heimsókn yðar nú, virðulegi forseti, staðfestum við þann einlæga ásetning að halda áfram á þessari braut, að leggja drög að vaxandi tengslum okkar á vettvangi viðskipta og menningar, að gera úr því vinarþeli sem þjóðir okkar bera hvor til annarrar þéttriðinn vef árangursríkrar og víðtækrar samvinnu.

Ég vona að dvöl yðar og frú Adamkiene verði til að veita yður nýja sýn á það hverju smáar þjóðir geta í raun áorkað, að smæðin hefur góða kosti sem nýta má til árangurs á mörgum sviðum.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs Valdas Adamkus forseta Litháen og frú Alma Adamkiene og til heilla hinni einlægu vináttu þjóða okkar.